

Fréttabréf AFLs

5. tbl. 2020

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Þrjú ný sumarhús á Suðurlandi

AFL Starfsgreinafélag er að ganga frá kaupum á þremur sumarhúsum í orlofsbyggð í landi Minniborgar í Grímsnesi. Húsin eru hvert um sig um 80 fermetrar (skráð 70 fermetrar með svefnlofti). Í húsunum eru tvö svefnherbergi með samtals fimm rúmstæðum á neðri hæð og svo verða tvö til þrjú svefnstæði á efri hæð. Húsin eru byggð af Borgarhúsum ehf., sem þykja skila vönduðu handverki.

Húsin eru með parketi á gólfum og steinflísam í votrymum. Heitur pottur er á pallinum og sérstakt sturturými sem innangengt er í af palli. Landið er vel gróid og rótgróin ferðapjónusta á staðnum.

Á Minniborgum hefur verið rekin ferðapjónusta með 24 húsum, veitingasölu og þjónustu. Eigendur settu nýverið 8 stærstu húsin á sölu en hyggjast halda áfram að reka ferðapjónustu í þeim 16 húsum sem eftir eru. Þau hús sem fóru á sölu standa við tvær götur og keypti AFL þrjú húsanna sem standa ein við aðra götuna.

Um 1.200 fm lóð fylgir hverju húsi auk þess sem félagsmenn AFLs hafa aðgang að sameiginlegu svæði orlofsbyggðarinnar, þar á meðal barnaleiksvæði. Kaupverð húsanna var 21 milljón hvert hús og verða þau vonandi afhent á næstu vikum. Þá mun félagið taka til við að gera þau tilbúin til útleigu fyrir félagsmenn. Vonir standa til að þau verði komin í útleigu hjá AFLi í lok janúar eða byrjun febrúar.

Hvar eru Minniborgir?

Minniborgir eru í 75 km fjarlægð frá Reykjavík, 24 km frá Selfossi, 40 km frá Geysi og 50 km frá Gullfossi. Ekið er upp Biskupstungnabraut (þjóðveg 35) skammt vestan Selfoss, um 20 km eftir þeim vegi og eru bústaðirnir á hægri hönd rétt við þjóðveginn – rétt norðan við Borg í




Eitt af húsunum sem AFL hefur keypt.



Skipulag sumarhúsabyggðarinnar Minniborgar.



Leiðin í Minniborgir



Grímsnesi. Húsin eru nokkurra ára gömul en hafa verið í góðu viðhaldi. AFL mun setja inn ný húsgögn og húsbúnað og freista þess að halda þessum húsum vel við.

Veruleg eftirspurn hefur verið eftir húsum á Suðurlandi. Fyrir nokkrum árum keypti félagið tvö hús í Ölfusborgum og að auki hefur AFL haft fasta samninga um leiguhús og hús í skiptileigu. Þannig hefur félagið síðustu ár getað boðið upp á fimm til sex hús á Suðurlandi á sumrin en væntanlega verða átta hús á vegum AFLs á þessu svæði næsta sumar.

Þá er unnið að endurbótum á tveimur af húsum félagsins á Einarstöðum í vetur og jafnframt er verið að skipta um og endurnýja þök á öllum húsum félagsins þar.

Kjarasamningar standa

Kjarasamningar við SA á almenna markaðnum halda gildi sínu og hækka laun samkvæmt þeim þann 1. janúar næstkomandi. AFL Starfsgreinafélag hafnar þeim fullyrðingum að umsamdar launahækkanir setji samfélagið á hliðina og harmar villandi umfjöllun síðustu daga um kaupmátt og launahækkanir.

Við hvað starfa félagar í AFLi?

Félögum í AFLi fækkar um 4% frá tímabilinu 2018–2019 til 2019–2020 eða um 300 manns. Mest fækkar þeim sem starfa við þjónustustörf, eða um 25% úr 2.044 í 1.546, enda eru þar undir þeir sem starfa á hótélum og veitingahúsum. Hlutfallslega fjölga atvinnulausum mest, úr 96 í 141 einstakling eða um 47%. Þar á eftir fjölga þeim sem starfa hjá hinu opinbera um 15% eða um 100 manns.



Iðgjöld hækka um 1%

Heildariðgjöld sem greidd voru til AFLs hækka um tæpar þrjár milljónir, eða 1% fyrir tímabilið nóvember–október milli 2018–19 samanborið við sama tímabil 2019–20. Þróunin er þó mjög misjöfn eftir starfsgreinum innan félagsins. Í flestum tilfellum helst hún í hendur við breytingar á fjölda félagsmanna í deildunum. Þegar tekið hefur verið tillit til þess virðast laun hækka að meðaltali um 5–6%.

Þannig lækka iðgjöld hjá þeim sem starfa við þjónustugreinar um 22%. Uppistaðan í þeim hópi hefur verið fólk á hótélum og veitingahúsum sem fækkar um fimmtung. Þá lækka iðgjöld almennrar deildar, eða þeirra félagsmanna sem ekki

eru skilgreindir í aðra flokka, einnig um 22% þótt félögum þar fækki ekki nema um 4%. Ekki er fyllilega ljóst hvað veldur, en þar kann að vera fólk sem áður hefur starfað við ýmis störf sem tengjast ferðaþjónustu þar sem tekjur, svo sem af yfirvinnu, hefur minnkað.

Í flestum deildum aukast iðgjöldin lítillega, þó mest hjá ríki og sveitarfélögum eða um 19% sem er þó eðlilegt miðað við að starfsfólki þar fjölga. Áhugavert er að sjá að töluvert virðist hafa verið að gera hjá starfsfólki í matvælaframleiðslu þar sem iðgjöldin hækka um 10% þótt félögum fjölgi aðeins um 2%. Flestir félagar í þeim hópi starfa í fiskvinnslu.

Starfssvið	2019-20	2018-19	%
Þjónustustörf	39,2	50,6	-22%
Matvælaframleiðsla	52,1	47,4	10%
Iðnframleiðsla	33,1	31,5	5%
Ríki og sveitarfélög	36,2	30,5	19%
Flutningar og mannvirkjagerð	55,3	53,6	3%
Almennt og óflokkað	6,9	8,9	-22%
Iðnaðarmenn	16,6	15,3	9%
Sjómenn	19,3	18,8	3%
Verslunarmenn	11,4	11,1	2%
ALLS	270	267,7	1%

Þróun iðgjalda AFLs (tölur í milljónum króna)

Á þriðja milljarð í sjúkradagpeninga

Frá árinu 2001 hefur AFL Starfsgreinafélag og stofnfélög þess greitt 5.591 félagsmanni alls 1.151.570.066 kr. í sjúkradagpeninga í 9.711 greiðslum.

Þessi tala gæti þó verið aðeins hærri í raun því allar greiðslur frá því fyrir 2018 voru keyrðar inn í núverandi kerfi og eitthvað af elstu færlum gætu hafa glatast við þá vinnu. Þessar tölur miða við verðgildi hvers árs fyrir sig, þannig að núvirtar eru greiðslur alls á þriðja milljarð króna.

Á síðustu tólf mánuðum hefur félagið greitt 182 félagsmönnum alls 143.353.213 krónur í sjúkradagpeninga. Þar af fengu þrjú félagsmenn dagpeninga vegna áfengis- og fíkniefnameðferðar, átta félagsmenn fengu dagpeninga til að sinna veikum börnum sínum og 8 félagsmenn fengu dagpeninga vegna veikinda maka. Aðrir fengu dagpeninga vegna eigin veikinda.

Þetta þýðir að meðalgreiðslur eru 787.655 krónur. Greiðsla til einstaks félagsmanns getur orðið miklu hærri og er ekki óalgengt að félagsmenn fái á fjórðu milljón króna í sjúkradagpeninga.

Tólf mánuði þar á undan (nóvember 2018 – október 2019) greiddi félagið 204 félagsmönnum 124.726.205 kr.

í sjúkradagpeninga. Þetta er um 15% hækkun á heildarfjárhæð milli ára, en hins vegar fækkar þeim félagsmönnum sem fengu dagpeninga. Meðalgreiðslan á árinu 2019 var 611.403 kr. á mánuði.

Greidd eru 85% af meðaltekjum síðustu 6 mánaða. Frá þeirri upphæð eru síðan dregnir sjúkradagpeningar Sjúkratrygginga. Hámarksupphæð greiddra dagpeninga AFLs á mánuði er um 1.010.000 kr. Til að hafa rétt til sjúkradagpeninga hjá AFLi Starfsgreinafélagi þarf viðkomandi að vera greiðandi félagsmaður við upphaf veikinda og hafa skilað iðgjaldi í að lágmarki þrjú mánuði. Full réttindi ávinnast á sex mánuðum. Félagismaður þarf að ljúka töku veikindaréttar hjá launagreiðanda.

Sjúkradagpeningar eru greiddir í 120 daga að hámarki – en þó er mögulegt að sækja um framlengingu standi sérstaklega á. Félagsmenn eru hvattir til að nota tímann sem þeir njóta sjúkradagpeninga eða veikindalauna til að fá aðstoð Virk Starfsendurhæfingarsjóðs og skipuleggja endurhæfingu sína ef það stefnir í að veikindi verði langvinnari en svo að réttur til dagpeninga dugi til.

Endurgreiðslur leiguíbúða og leiguhúsa

Strax í upphafi fyrstu bylgju Covid ákvað stjórn AFLs að endurgreiða allar íbúðaleigur og leigur orlofshúsa sem afbókaðar voru vegna faraldursins.

Venjulega gilda þær reglur hjá félaginu að íbúðir og hús eru því

aðeins endurgreidd að eignirnar leigist aftur – nema afbókað sé með 10 daga fyrirvara eða meira. Í maí hafði félagið þegar endurgreitt íbúðaleigur að upphæð um 4 milljónir króna.

Í sumar, þegar faraldurinn var heldur í lægð, var horfið aftur til


hefðbundinna reglna en nú í síðari bylgjunni hefur félagið verið að endurgreiða orlofsleigur íbúða án athugasemda.

Það er þó merkilega mikil eftirspurn eftir íbúðum og orlofshúsin hafa verið nánast fullbókuð allan faraldurinn. Það er

vert að vekja athygli félagsmanna á því að þegar afbókað er daginn sem leiga á að hefjast – er fyrsti dagurinn ekki endurgreiddur.

AFL er alþjóðlegt

Félagar í AFLi eru 6.663 talsins og koma frá 59 þjóðlöndum



AFL og Covid

Starfsemi AFLs hefur, eins og allt annað á landinu, orðið fyrir miklum áhrifum af Covid-19. Strax í mars gerði starfsfólk félagsins ráðstafanir í samræmi við tilmæli sóttvarnaryfirvalda og reyndi að takmarka komur félagsmanna á skrifstofur þess með því að hvetja félagsmenn til að hafa samband með tölvupóstum, skilaboðum og í síma. Þannig var reynt að leysa sem flest mál.

Í upphafi faraldursins var mikið álag á starfsfólki vegna óvissu í ferðaþjónustu, uppsagna og hlutabótaleiðar. Félagið svaraði álaginu með því að snarauka virkni á heimasíðu og samfélagsmiðlum og með því að taka saman nauðsynlegar upplýsingar og birta á íslensku, ensku og pólsku. Þannig voru leiðbeiningar uppfærðar næstum daglega á meðan fyrsta bylgjan var að ganga yfir.

Á meðan upphafsáhrifin voru að koma í ljós leiðbeindi félagið hundruðum félagsmanna, aðallega erlendum, og aðstoðaði í tengslum við minnkað starfshlutfall og uppsagnir. Með sumrinu fóru



Frá aðalfundi AFLs í haust.

verkefnin aftur í hefðbundið horf og síðustu vikur hefur ekki borið á sérstöku álagi vegna verkefna sem sérstaklega tengjast þessari farsótt.

Lágstemmdur aðalfundur

Aðalfundi félagsins var frestað og hann haldinn í september. Ekki voru allir félagsmenn sáttir við að halda fundinn á þeim tíma, en ekki reyndist unnt að halda hann í „fjarfundi“ þar sem á aðalfundi geta komið upp flóknar kosningar og við höfðum ekki aðgang að neinum

fjarfundabúnaði með kosningakerfi sem ræður við þannig kosningar.

Aðalfundurinn var „lágstemmdur“ og í reynd aðeins afgreiðslufundur þar sem hlaupið var hratt yfir skýrslu formanns og ársreikninga og svo kosin ný stjórn. Í stað glæsilegs kvöldverðar var boðið upp á flatbökulaðborð.

Trúnaðarmannanámskeið hefur ekki verið haldið frá því farsóttin skall á og verður sennilega ekki fyrir en með vorinu. Stjórnarfundir eru flestir haldnir í fjarfundi og

önnur fundahöld félagsins eru í lágmarki. Vinnustaðaeftirlit og vinnustaðaheimsóknir hafa verið í algeru lágmarki, enda ekki vel séð á vinnustöðum að fá utanaðkomandi fólk inn.

Skrifstofum haldið opnum

AFL lagði megináherslu á það strax í upphafi að halda starfsemi skrifstofa sem mest óbreyttum – þannig hefur engin skrifstofa félagsins lokað svo mikið sem dagpart vegna Covid. Við höfum þess í stað reynt að takmarka fjölda félagsmanna sem koma inn hverju sinni, lagt áherslu á handþvott og boðið gestum og gangandi upp á spritt til þvotta. Nú í haust erum við með grimur fyrir þá gesti sem þurfa og starfsfólk setur upp grimur þegar félagsmenn koma í návígi.

Félagið er þakklát fyrir skilning félagsmanna sem hafa brugðist vel við og sinnt erindum sínum að verulegu leyti með tölvupóstum eða síma. Til viðbótar hefur notkun „minna síða“ á vef AFLs snaraukist en fólk hefur getað bókað íbúðir og sótt þar um styrki þar og sett sjálf inn nauðsynleg fylgiskjöl.

Hvað er að fréttastofu kjaramálum?

Vinnustaðasamningur AFLs og RSÍ við Alcoa rann út í lok febrúar á þessu ári. Viðræður hafa staðið yfir í ár, með hléi síðasta sumar, án þess að niðurstaða liggi fyrir. Samningsaðilar freista þess nú að ná niðurstöðu og hafa þétt samningafundi. Eitt af ágreiningsatriðum í viðræðunum er úttekt á orlofi eftir breytingar sem gerðar voru á vinnutíma í síðasta samningi. Niðurstaðan var sú að vísa þessu álitafni til félagsdóms. Málið hefur verið flutt en dóms er enn beðið þegar þetta er ritað.

Kjarasamningur við íslenska ríkið var undirritaður á vordögum. Sá samningur gerir ráð fyrir að

allir stofnanasamningar verði endurnýjaðir fyrir áramót þegar ný launatafla tekur gildi. AFL er í viðræðum við Heilbrigðisstofnun Suðurlands með félögnum á Suðurlandi, í viðræðum við Menntaskólann á Egilsstöðum og viðræður við Heilbrigðisstofnun Austurlands eru að hefjast. Jafnframt er félagið í samstarfi við önnur félög innan SGS um endurnýjun annarra stofnanasamninga – við Skógræktina, Vegagerðina, Veðurstofuna og við Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarð.

Stytting vinnutíma

Í kjarasamningum við ríkið annars vegar og sveitarfélögin hins vegar var samið um styttingu vinnutímans

og tekur sú stytting gildi þann 1. janúar fyrir dagvinnufólk en þann 1. maí 2021 hjá vaktavinnufólki. Bætt vinnustaðamenning og betri nýting vinnutíma er meðal helstu markmiða styttingar vinnutíma.

Forsenda styttingar hjá dagvinnufólki er umbótasamtal um betri vinnutíma á hverri stofnun fyrir sig. Útfærslan tekur mið af starfsemi stofnunar og getur því verið með ólíkum hætti milli stofnana og getur styttingin orðið mest 4 klukkustundir á viku fyrir þá sem eru í 100% starfi.

Markmiðin með betri vinnutíma í vaktavinnu eru að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks og þjónustuþega auk þess sem þeim er ætlað að auka jafnvægi á milli

vinnu og einkalífs. Þá er það einnig markmið að störf í vaktavinnu verði eftirsóknarverðari, stöðugleiki í mönnum aukist, breytileg yfirvinna minnki og að öryggi og þjónusta við almenning batni. Samhliða þessari breytingu verður gjörbreyting á vaktavinnuumhverfinu eins og við þekkjum það. Vinnutími vaktavinnufólks í fullu starfi fer í 36 stundir á viku en stytting niður í 32 klukkustundir er möguleg og grundvallast það á vægi vinnuskyldustunda.

Sett hefur verið upp upplýsingasíða, betrivinnutimi.is, til að auðvelda starfsfólki og stofnunum þessar breytingar.

Minni áhrif á styrki sjúkrasjóðs en búast mátti við

Styrkir sjúkrasjóðs hafa lækkað lítillega milli ára og er eflaust Covid-faraldurinn meginástæðan fyrir því. Stærstu breytingar til lækkunar eru í styrkjum til sjúkraþjálfunar, sjúkranudds og heilsueflingar svo og vegna ferðakostnaðar. Alls voru greiddir 1.375 styrkir í ár upp á 32,7 milljónir króna, samanborið við 1.682 styrki upp á 35,9 milljónir á sama tíma í fyrra. Miðað er við tímabilið nóvember 2019 til október 2020 þannig að það eru fjórir mánuðir af „eðlilegu ástandi“ inni í þessum tölum.

Lækkunin er þó minni en við mátti búast og virðist sem félagsmenn hafi nýtt tækifærið í sumar og haust þegar farsóttin var í lægð og sótt sér þjónustu, því á fyrstu sex mánuðum ársins var verulegur samdráttur.

Búast má við að áhrifa Covid gæti enn um sinn á starfsemi sjúkrasjóðs. Þannig má til dæmis búast við talsverðri aukningu á ferðakostnaði þegar hömlum verður aflétt og valkvæðar aðgerðir hefjast að nýju.

	2019-2020		2018-2019		2019-2020	
Styrkur	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Dánarbætur	20	6.755.281	21	7.322.702		
Ferðastyrkur Barn/Akstur	136	4.893.136	152	5.244.713		
Gleraugnakaup	158	3.785.195	158	3.722.669		
Gleraugnakaup barns	29	375.070	39	549.575		
Heilsuefling	548	4.376.785	718	5.685.837		
Heyrnatækjakaup	10	1.370.400	20	2.634.403		
Hjartavernd	11	128.404	21	173.922		
Krabbameinsskoðun	169	1.158.874	219	1.318.980		
Laseraðgerðir	13	1.752.900	13	1.734.943		
Sálfræðipjónusta	92	1.876.344	93	1.585.335		
Sjúkranudd/Kirópraktor	51	1.066.709	70	1.491.641		
Sjúkraþjálfun	111	1.543.329	145	2.434.135		
Tæknifrjóvgun/Ættleiðing	27	3.594.116	13	2.042.500		
Samtals	1375	32.676.543	1.682	35.941.355		